

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006,
með síðari breytingum (útboð viðbótarþorskkvóta).

Flm.: Oddný G. Harðardóttir, Logi Einarsson, Guðjón S. Brjánsón,
Helga Vala Helgadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson,
Albertína Friðbjörg Elísdóttir, Guðmundur Andri Thorsson,
Björn Leví Gunnarsson, Halldóra Mogensen,
Helgi Hrafn Gunnarsson, Jón Þór Ólafsson,
Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ef heildarafli þorsks verður aukinn fyrir fiskveiðiárið 2018/2019, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal ráðherra standa fyrir útboði á viðbótarkvótanum. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd útboðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var áður flutt á 145. og 146. löggjafarþingi (83. mál) og er nú lagt fram á ný líttilega breytt. Sú lagabreyting sem hér er lögð til byggist á því að við úthlutun veiðileyfa sé æskilegast að lögmað markaðarins ráði við nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Í útfærslu tilboðsleiðarinnar skal setja reglur sem taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða. Beinast liggur við að nota tilboð og tilboðsmarkaði þegar kvóta tiltekinnar fisktegundar er útteilt eða viðbótartonnnum samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar. Ólíklegt er að sátt náist um upphæð veiðigjalds fyrir en það verður ákvarðað á markaðslegum forsendum.

Einn af kostum tilboðsleiðar er að leigugjald sem greitt er fyrir aflahlutdeildir sveiflast sjálfkrafa með arðsemi veiða og dregur úr líkum á pólitískum inngrípum um ákvörðun leiguverðs. Þannig byggist upphæð leigugjalds ekki á matskenndum ákvörðunum og eigendur auðlindarinnar, fólk í landinu, geta treyst því að ekki sé verið að hygla einum umfram annan. Útgerðin ákvarðar sjálf það gjald sem hún telur sér fært að greiða fyrir aðgang að auðlindinni með tilboðum á markaði og það kemur líka í veg fyrir brask með kvótann. Einnig styrkir tilboðsleiðin rekstrarumhverfi sjávarútvegsins til lengri tíma vegna þess að duttlungar stjórnámálanna ráða ekki með ófyrirséðum breytingum frá einu kjörtímabili til annars.

Svigrúm innan kerfisins verður meira með tilboðsmörkuðum og nýliðun möguleg sem veitir best reknu fyrirtækjunum aukin tækifæri hvort sem þau eru gömul eða ný. Í útfærslu tilboðsleiðar er auðvelt að taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða. Reynsla af tilboðsleið til úthlutunar auðlinda er víðtæk um

allan heim og auðvelt væri að leita í smiðju nágrannaþjóða, svo sem til Færeyinga og Norðmanna, eftir góðum fyrirmyndum. Ef rétt er á málum haldið leiðréttir tilboðsleiðin óréttlætið sem felst í því að ávinningur af hagræðingu innan útgerðarinnar renni í vasa fárra en íbúar sjávarbyggða beri kostnaðinn.

Fiskmarkaðir á Íslandi eru góðar fyrirmyndir þar sem markaðslausnir ráða. Þar kaupa fiskvinnslur án kvóta fisk daglega á tilboðsmarkaði. Þessi fyrirtæki hafa enga aðra rekstrartryggingu en þá að tilboðsmarkaðurinn verði starfandi á morgun. Aldrei er deilt um fiskverð á fiskmarkaði enda hafa kaupandi og seljandi komið sér saman um verð. Allar fiskvinnslur landsins hafa jafnan aðgang að fiskmörkuðum. Nýliðun í fiskvinnslu er því miklu auðveldari en í útgerðinni.

Fleiri góð dæmi má nefna. Loftslagsheimildir eru boðnar út og íslensk flugfélög, álver og fleiri verksmiðjur gera tilboð í loftslagsheimildir á evrópskum markaði en tekjurnar renna í ríkissjóð. Stuðst er við útboð til að velja á milli símafyrirtækja þegar úthluta þarf tíðnisviðum fyrir fjarskipti og þegar ríkið felur einkaaðilum verkefni í samgöngum eru gerð tilboð í sérleyfin. Þegar landsmenn kaupa þak yfir höfuðið eru gerð tilboð á markaði sem stýrt er af fasteignasölum. Það er því góð og víðtæk reynsla af tilboðsleiðinni í ýmsum myndum og hún á mjög vel við þegar úthluta á takmörkuðum gæðum, svo sem náttúruauðlindum.

Nú geta þeir sem fá úthlutað kvóta stungið fullu veiðigjaldi í eigin vasa með því að selja og leigja kvóta til þriðja aðila. Sem dæmi má nefna að kvótalítlar útgerðir hafa þurft að greiða stærra útgerðum undanfarið um 170 kr. fyrir kílóíð af þorski í veiðigjald á meðan ríkið innheimtir aðeins 22,98 kr. í veiðigjald samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu.

Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar úr stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum árið 2017 og niðurstöður og tillögur um aflamark fyrir næsta fiskveiðiár voru kynntar 13. júní sl.¹ Þar segir m.a. þetta: „Árgangar 2014 og 2015, sem koma í veiðina 2018 og 2019, eru við langtíma meðaltal og því má búast við að viðmiðunarstofninn stækki nokkuð frá sem hann er nú.“ Niðurstöður stofnmælinga eru mikilvægur þáttur árlegrar úttekta Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna við landið. Mælingarnar frá því í mars 2016 bentu til góðs ástands helstu botnfisktegunda og horfur eru á aukinni nýliðun í veiðistofnum þorsks og ýsu á næstu fiskveiðiárum.

Í eftirfarandi töflu má sjá tillögur Hafrannsóknastofnunar um þorskveiði undanfarin ár.

Fiskveiðiár	Þús. tonn
2007/2008	130
2008/2009	124
2009/2010	150
2010/2011	160
2011/2012	177
2012/2013	196
2013/2014	215
2014/2015	218
2015/2016	239
2016/2017	244
2017/2018	258

¹ <https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/Þorskur243.pdf>

Fiskveiðikerfinu þarf að breyta í heild sinni en hægt er að taka strax skref í rétta átt. Þorskvótinn var aukinn á þar síðasta fiskveiðiári um 21 þús. tonn, á síðasta fiskveiðiári um 5 þús. tonn og á yfirstandandi fiskveiðiári um 14 þús. tonn. Mælingar Hafrannsóknastofnunar benda til að kvótinn verði enn aukinn á næstu fiskveiðiárum. Ef Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um viðbótarþorskvóta fyrir fiskveiðiárið 2018/2019 gerir lagabreytingin kleift að bjóða aukninguna út til hæstbjóðenda. Reglur um útboðið, sem taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða, verði settar með reglugerð. Með því fengist reynsla í framkvæmd útboða af þessu tagi ásamt markaðsverði aflaheimilda.